

**Sp.**

## **18. Tillaga til þingsályktunar**

[18. mál]

um vinnu framhaldsskólanemenda við framleiðslustörf á vetrarvertíð.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Eggert G. Þorsteinsson,  
Jón Árm. Héðinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort unnt reynist að haga árlegum kennslutíma í framhaldsskólum í verstöðvum á Suðvesturlandi og annars staðar, þar sem skortur er á mannafla til framleiðslustarfa á vetrarvertíð, þannig, að elstu nemendurnir, sem áhuga hefðu á að sinna framleiðslustörfum í mars og apríl, gætu fengið sig lausa frá skólanámi þann tíma. Verði við það miðað, að námstími þeirra flytjist til á árinu, sem því nemur.

Þessi athugun fari fram með það fyrir augum, að reynt verði að leysa úr þeim vanda, sem sjávarútvegurinn hefur átt við að etja yfir helstu vertíðarmánuðina vegna skorts á vinnuafli.

Jafnframt verði leitast við, að fjölbrautaskólar geti hið allra fyrsta boðið nemendum upp á námsbrautir, þar sem virk þátttaka í atvinnulífinu, svo sem við fiskveiðar og fiskverkun á vetrarvertíð, sé mikilvægur liður í námi þeirra.

### **Greinargerð.**

Það er alkunna, að miklum erfiðleikum hefur verið bundið að fá nægjanlegt vinnuafli til framleiðslustarfa við fiskveiðar og vinnslu sjávarafla í sjávarplássum á Suðvesturlandi á hávetrarvertíð hin síðari ár. Til þess ráðs hefur verið gripið á stundum að gefa nemendum í framhaldsskólum fri frá námi dag og dag til að vinna við uppskipun og fiskverkun og með því reynt að hjarga verðmætum frá skemmdum, þegar þannig hefur staðið á. Þótt slík aðstoð hafi komið að góðu gagni, hefur það hvergi nærri verið fullnægjandi til að leysa þann vanda, sem við hefur verið að etja í þessum efnum árlega, einkum síðari hluta mars og í aprilmánuði. Auk þess hafa skólafri, sem þannig hafa verið gefin með litlum fyrirvara, í för með sér vissa röskun á skólanámi og skólastarfi yfirleitt, sem teljast verður óheppileg að ýmsu leyti. Þess vegna væri æskilegt að reyna að finna hagkvæmari lausn á þessu máli, sem kæmi að betri notum og viðkomandi aðilar gætu betur sætt sig við og yrði á þann veg, að elstu skólanemendurnir í framhaldsskólum, sem það vilja, gætu hlaupið undir bagga með framleiðslustarfseminni í sjávarplássum, þar sem skortur er á vinnuafli á hávetrarvertíð, án þess að veruleg truflun verði á námi þeirra og óhagræði hljótist af fyrir kennara og skólastarfsemina. En það má þó ekki verða til þess að minnka skólanám þeirra nemenda, sem hér um ræðir. Því er lagt til, að námstími þeirra flytjist til á árinu, sem því nemur, sem þeir yrðu frá námi í mars og apríl.

Lögð er áhersla á, að reynt verði að finna lausn á vandamáli þessu í fullu samráði við kennara og skólastjóra framhaldsskóla.

Þensluástand er rikjandi í efnahagskerfi landsmanna um þessar mundir, og mikil eftirspurn er eftir vinnuafli til nauðsynlegra og ónauðsynlegra framkvæmda. Útlit er því fyrir skort á fólki til framleiðslustarfa við fiskveiðar og úrvinnslu fiskafila á næstu vertíð, ef ekkert verður að gert. Því er brýn nauðsyn, að þetta mál verði tekið föstum tókum og þess freistað að finna úrlausn, m. a. eftir þeim leiðum, sem hér hefur verið bent á.

Þá er drepið á nauðsyn þess í tillögunni, að fljótlega gefist nemendum kostur á að velja námsbrautir í fjölbrautaskólum, þar sem virk þátttaka í sjálfri framleiðslustarfseminni er veigamikill þáttur í skólanáminu. Óþarft ætti að vera að hafa mörg orð um, hversu knýjandi það er, að þær námsleiðir, sem hér um ræðir, séu á boðstólum og áhugi og virðing fyrir að vinna að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar vaxi og eflist meðal unga fólksins í landinu.